

Fimmtudaginn 8. október 1998.

Nr. 180/1998.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sveini Hall Mássyni

Ólafi Valgarð Ingimundarsyni

Sigurgeiri Pálssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**

Hirti Jónassyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Tolllagabrot. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn P. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar 16. apríl 1998 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun, en einnig af hálfu ákærvalds. Krefst ákærvald þess, að refsing ákærðu verði þyngd.

Ákærðu Sveinn, Ólafur og Sigurgeir krefjast aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð.

Ákærði Hjörtur krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð og að öllu leyti skilorðsbundin.

I.

Ákærðu gáfu allir skýrslu hjá tollyfirvöldum fáum dögum eftir komu flutningaskipsins Skógafoss til landsins 3. maí 1997, þar sem þeir voru skipverjar. Þeir gáfu síðan aftur skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins, og var framburður þeirra þá nokkuð með öðrum hætti en áður. Er í héraðsdómi rakið, um hvaða atriði þeir báru þá á annan veg. Eins og málið liggur fyrir, verður dómur ekki reistur á skýrslum þeirra fyrir tollyfirvöldum. Er þá meðal annars litið til þess, að þeir starfsmenn tollgæslunnar, sem tóku skýrslurnar af ákærðu, hafa ýmist ekki verið leiddir fyrir dóm eða þeir voru ekki spurðir fyrir dómi um það, sem haft var eftir ákærðu í um-

ræddum skýrslum. Verður við svo búið ekki komist hjá því að líta við úrlausn málsins fram hjá efni þessara skýrslna, sem gefnar voru á fyrri stigum málsins, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

II.

Meðal málsgagna er skjal, sem ritað er á eyðublað tollgæslunnar og ber fyrirsögnina „Skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi um borð í skipi“. Er á eyðublaðinu reitur fyrir hvern skipverja, þar sem meðal annars skal koma fram magn áfengis og tóbaks, sem honum tilheyri. Hjá öllum ákærðu er getið um 0,75 lítra af sterku áfengi, og í reit fyrir vindlinga eru gefin upp 200 stk. hjá hverjum. Hafa þeir hver fyrir sig staðfest réttmæti upplýsinganna með undirritun sinni á skjalið, en í meginmáli þess segir meðal annars: „Við, skipverjar, skráðir á þessu eyðublaði, lýsum því hér með yfir, að við höfum kynnt okkur leiðbeiningar á bakhlið þess. Jafnframt lýsum við yfir, að við gerum skriflega grein fyrir öllum þeim varningi, sem fenginn hefur verið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt hann kunni að vera háður innflutningstakmörkunum eða banni.“ Er skjalið jafnframt undirritað af skipstjóra, sem staðfestir meðal annars, að hver skipverji hafi þar skráð „vöruuppgjöf sína“. Ekki er ágreiningur um, að skjalið hafi verið útfyllt og undirritað, áður en skipið var komið inn á tollsvæði ríkisins, sbr. 1. mgr. 53. gr. tollalaga nr. 55/1987, og að það hafi verið afhent tollgæslumönnum, er þeir komu um borð í skipið.

Skjali því, sem hér um ræðir, var framvísað við stjórnvöld og því ætlað að gilda við tollafgreiðslu skipsins. Ákærðu áttu þess kost að leiðréttar rangar upplýsingar sínar, áður en tollafgreiðsla skipsins hófst, eða gera fyrir það tímamark með öðrum skýrum hætti grein fyrir því áfengi og tóbaki, sem um ræðir í málinu. Það gerðu þeir hins vegar ekki. Að þessu virtu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um, að ákærðu hafi gerst sekir um ólöglegan innflutning áfengis og tóbaks, en ágreiningslaust er, að þeir hafi átt það magn þessa varnings, sem greinir í ákæru. Skipta þá ekki máli staðhæfingar ákærðu um vilja þeirra til að skila varningnum aftur í land, áður en skipið hélt úr höfn í Hollandi. Þykir einnig mega staðfesta þá niðurstöðu héraðs-

dómara, að miðað við hið mikla magn áfengis og tóbaks hjá hverjum hinna ákærðu sé sannað, að þeir hafi allir flutt varninginn til landsins í söluskyni.

III.

Í ákæru er háttsemi ákærðu Sveins, Ólafs og Hjartar talin varða við nánar tilgreind ákvæði tollalaga og áðurgildandi áfengislaga nr. 82/1969. Að því er varðar ákærða Sigurgeir, er einungis vísað til tollalaga. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds lýst yfir, að um mistök hefði verið að ræða við samningu ákæru, og þess krafist, að refsing allra ákærðu yrði ákveðin á grundvelli refsíákvæða í báðum lögnum. Af hálfu ákærða Sigurgeirs var því mótmælt, að farið yrði út fyrir ákæru við heimfærslu brota hans til refsíákvæða.

Áfengislög nr. 75/1998 öðluðust gildi 1. júlí það ár. Frá sama tíma féllu úr gildi eldri lög með sama heiti nr. 82/1969. Ólöglegur innflutningur áfengis varðaði refsingu samkvæmt síðastnefndum lögum, sbr. 33. gr. þeirra, auk þess að varða við tollalög. Í hinum yngri áfengislögum segir í 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr., að þar tilgreind ólögmæt meðferð áfengis í atvinnuskyni varði refsingu samkvæmt 27. gr. þeirra. Í 3. mgr. 4. gr. segir hins vegar, að ólöglegur innflutningur áfengis varði refsingu samkvæmt ákvæðum tollalaga. Ekki er að finna skýringu á þessari breytingu frá eldri skipan í athugasemdum með frumvarpi til núgildandi áfengislaga. Gegn skýru orðalagi lagagreinarinnar verður ekki fallist á, að háttsemi ákærðu verði nú heimfærð undir annað en refsíákvæði tollalaga, sbr. 1. málslíð 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eins og málið er vaxið, á niðurlagsákvæði þeirrar lagagreinar ekki við.

IV.

Með háttsemi sinni hafa ákærðu brotið ákvæði 1. mgr. 123. gr. tollalaga. Verður þeim gert að greiða sekt, en í ljósi málsatvika eru ekki efni til að dæma þá til fangelsisvistar, sbr. 1. mgr. 124. gr. sömu laga. Við ákvörðun sektar verður meðal annars litið til verðmætis þess varnings, sem hver hinna ákærðu átti, en jafnframt þess, að þeir hlutu engan ávinning af broti sínu og hafa ekki áður gerst sekir um brot, sem hafa áhrif á ákvörðun refsingar nú. Samkvæmt því er sekt ákærða Sveins hæfilega ákveðin 500.000 krónur, ákærða Ólafs 900.000 krónur,

ákærða Sigurgeirs 500.000 krónur og ákærða Hjartar 1.500.000 krónur. Sektirnar renni í ríkissjóð. Greiðist þær ekki innan fjögurra vikna frá uppsögu þessa dóms, komi í staðinn fangelsisrefsing, sem ákveðin er, eins og nánar greinir í dómsorði. Ákvæði héraðsdóms um upptöku áfengis og tóbaks og um sakarkostnað eru staðfest. Þá verður ákærðu gert að greiða kostnað af áfrýjun málsins, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði Sveinn Hall Másson greiði 500.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fangelsi í tvo mánuði í stað hennar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði Ólafur Valgarð Ingimundarson greiði 900.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fangelsi í þrjá mánuði í stað hennar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði Sigurgeir Pálsson greiði 500.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fangelsi í tvo mánuði í stað hennar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði Hjörtur Jónasson greiði 1.500.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fangelsi í fjóra mánuði í stað hennar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku eigna og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærðu greiði sameiginlega allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur. Þá greiði ákærðu hver um sig skipuðum verjanda sínum, hæstaréttarlögmönnum Hilmari Ingimundarsyni og Kristjáni Stefánssyni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. mars 1998.

Mál þetta er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 16. júní sl., á hendur ákærðu, Sveini Hall Mássyni, kt. 161253-3409, Krúhólum 4, Reykjavík, Hirti Jónassyni, kt. 300568-5649,

áður að Vesturbergi 78, nú að Vættaborgum 8, Reykjavík, Ólafi Valgarð Ingimundarsyni, kt. 290753-3419, Bakkahjalla 15, Kópavogi, og Sigurgeiri Pálssyni, kt. 210273-4419, Fitjum, Húsavík, dvalarstaður að Suðurhólum 4, Reykjavík.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu fyrir „áfengis- og toll-lagabrot með því að hafa við komu ms. Skógafoss til Reykjavíkur frá Rotterdam 3. maí 1997 í söluskyni smyglað til landsins áfengi og tóbaki sem hér greinir: ákærði Sveinn 24 lítrum af Smirnoff-vodka, 36 lítrum af White and Mackay-viskí, 65 lítrum af 96% spíra og 6400 Winston-sígarettum, ákærði Hjörtur 72 lítrum af Smirnoff-vodka, 200 lítrum af vodka-áfengi í 25 lítra plastbrúsum, 35 lítrum af White and Mackay-viskí, 23 lítrum af viskí í 25 lítra plastbrúsa, 24 lítrum af gini í 25 lítra plastbrúsa, 85 lítrum af 96% spíra, 63.000 Winston-sígarettum, 200 Salem Light-sígarettum, og 20.200 Camel-sígarettum, ákærði Ólafur 85 lítrum af 96% spíra, 120 lítrum af Smirnoff-vodka, 36 lítrum af White and Mackay-viskí og 14.200 Winston-sígarettum, ákærði Sigurgeir 21.800 Winston-sígarettum, 6000 Camel-sígar-ettum, 10.000 Viceroy-sígarettum, 12 lítrum af White and Mackay-viskí og 65 lítrum af 96% spíra.

Teljast brot ákærðu Sveins, Hjartar og Ólafs varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 124. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 1. mgr. 3. gr., sbr. 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. og 36. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 1. gr. laga nr. 94/1995, 1. gr. laga nr. 7/1985 og 5. gr. laga nr. 52/1978 um breytingu á þeim lögum, og brot ákærða Sigurgeirs við 1. mgr. 123. gr., sbr. 124. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til að sæta upp-töku samkvæmt 1. mgr. 136. gr. tollalaga, 34. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 6. gr. laga nr. 52/1978 um breytingu á þeim lögum, og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á því áfengi og tóbaki, sem lagt var hald á við rann-sókn málsins og lýst er hér að ofan“.

Samkvæmt skýrslu Hauks Richardssonar, yfirtollvarðar hjá Tollgæslu Ís-lands, dagsettri 5. maí sl., kom ms. Skógafoss til Reykjavíkur laugardags-kvöldið 3. maí sl. kl. 23.15 frá Rotterdam í Hollandi og fleiri höfnum. Í skýrslunni segir, að við tollafgreiðslu hafi hann haft tal af Hauki Guð-mundssyni skipstjóra og tjáð honum, að tollgæslan vissi um mikið magn af ólöglega innfluttum varningi um borð og hefði ákveðnar upplýsingar frá er-lendum tollyfirvöldum. Ekki var framvísað við tollafgreiðslu því magni, sem um var að ræða við komu skipsins til Reykjavíkur. Auk Hauks komu um borð í skipið þrír aðrir starfsmenn tollgæslunnar.

Skipstjóri kallaði saman skipverja og gerði þeim grein fyrir, um hvað væri að ræða, og gáfu sig fram fjórir skipverjar, sem sögðust eiga það áfengi

og vindlinga, er um væri að ræða, og óskuðu þá tollverðirnir eftir því, að þeir framvísuðu því magni, sem getið væri um á upplýsingaskýrslu erlendra tollýfirvalda. Þá var skipverjunum gerð grein fyrir því, hversu alvarlegt málið væri, ef þetta kæmi ekki fram.

Skipverjar þeir, er gáfu sig fram sem eigendur varningsins, eru ákærðu í máli þessu og eignarhlutur þeirra að varningnum sá, er um ræðir í ákæru, en ákærðu gáfu allir skýrslur hjá tollgæslu og staðfestu, hvað þeir ættu hver um sig af varningnum. Kom fram í skýrslum þeirra allra, að þeir hefðu ætlað að smygla varningnum í land í Reykjavíkurböfn við fyrstu hentugleika. Rituðu ákærðu allir undir skýrslur sínar hjá tollgæslu.

Í skýrslu ákærða Sveins Hall segir, að hann hafi ætlað hluta varningsins til eigin nota, en hluta hafi hann ætlað til sölu. Vildi ákærði, að það kæmi fram, að hann héldi því fram, að varningurinn hefði ekki verið falinn, heldur geymdur í lest skipsins og hluti hans í Co²-klefanum. Þá vildi ákærði einnig, að það kæmi fram, að hann teldi, að ákærðu hefðu framvísað varningnum við tollverði við afgreiðslu skipsins.

Í skýrslu ákærða Hjartar segir, að hann hafi ætlað allan varninginn til sölu. Í skýrslunni segir, að varningurinn hafi verið falinn í litlum klefa aftan til við síðutank bakborðs megin aftast í lest skipsins, og einnig hafi hluti verið falinn í lúgukörmum og í Co²-klefanum. Enn kemur fram í skýrslu Hjartar, að hann hafi ekki gert grein fyrir varningnum við tollafgreiðslu skipsins, en þegar tollverðir hafi lagt fram upplýsingar frá hollenskum tollýfirvöldum, hafi verið ákveðið að framvísa varningnum.

Í skýrslu ákærða Ólafs Valgarðs segir, að hann hafi ætlað hluta varningsins til eigin nota, en einhvern hluta hafi hann ætlað til sölu.

Í skýrslu ákærða Sigurgeirs kemur fram, að sumt af varningnum hafi verið falið við síðutank bakborðs megin í lest skipsins, í lúgukörmum og í Co²-klefa. Þá segir í skýrslu ákærða Sigurgeirs, að hann hafi ætlað allan varninginn til eigin nota. Í lok skýrslunnar kemur fram, að þegar tollverðir hafi lagt fram gögn frá hollenskum yfirvöldum, hafi þeir félagar ákveðið að framvísa öllum varningnum, en hann hafi ekki gert grein fyrir honum við tollafgreiðslu skipsins.

Ákærðu var öllum sagt upp störfum hjá skipafélaginu vegna málsins.

Við þingfestingu málsins neituðu ákærðu allir sakargiftum, og kannast þeir ekki við að hafa gerst sekir um smygl.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við meðferð málsins.

Ákærðu hafa allir staðfest að hafa átt það magn áfengis og tóbaks, sem þeim er gefið að sök að hafa smyglað til landsins. Segjast þeir hafa keypt

varninginn af einhverjum skipshöndlara í Rotterdam, þegar skipið var þar. Ákærðu segja það hafa í upphafi verið hugmyndina að koma varningnum fram hjá tollyfirvöldum, en þeir hafi fallið frá hugmyndinni, áður en skipið fór frá Rotterdam, þar sem þeir vissu, að tollyfirvöld í Hollandi vissu af varningnum. Þá segir ákærði Hjörtur, að þeim hafi blöskrað magnið, þegar þeir sáu það, og ákærði Ólafur Valgarð segir, að þeim félögum hafi ekki litist á, hvað þeir ættu að gera við varninginn. Þeir segja allir, að varningurinn hafi ekki verið falinn í skipinu. Ákærðu bera allir, að þeir hafi staðið hver um sig einn að kaupunum og ekki verið í samstarfi við aðra ákærðu við þau, en hins vegar hafi allur varningurinn komið samtímis um borð í skipið og þeir allir verið við að taka á móti honum og allir staðið saman að því að koma honum fyrir í skipinu, og var honum komið fyrir í svonefndum kolsýruklefa og einhverju niðri í lest. Ákærðu samþykkja allir upptökukröfu ákæruvaldsins.

Ákærði Sveinn Hall kveðst hafa verið 2. vélstjóri á ms. Skógafossi umrætt sinn. Kveðst hann hafa keypt varninginn til að eiga hann sjálfur, en ekki ætlað að selja hann. Ákærðu höfðu komið varningnum fyrir, þegar þeir fréttu af vitneskju tollyfirvalda, og vildu þeir þá láta kaupin ganga til baka og höfðu orð á þessu við tollverði í Rotterdam, sem sögðu, að ekki væri hægt að setja varninginn aftur í land. Ákváðu ákærðu þá að láta varninginn vera áfram í skipinu á leiðinni til Íslands. Fljótlega eftir að lagt var af stað til Íslands, tóku ákærðu þá ákvörðun sameiginlega að framvísa varningnum, þegar komið væri til Reykjavíkur. Þegar þangað kom, komu tollverðir um borð. Áður en tollafgreiðsla hófst, sagði Haukur tollvörður, að tollgæslan hefði undir höndum pappíra um, að í skipinu væri áfengi og tóbak í eigu skipverja. Ekki sagði Haukur þetta við ákærða, en mun hafa sagt það skipstjóra, sem sagði ákærða Hirti frá þessu, en hann sagði hinum ákærðu frá því. Gáfu ákærðu sig þá allir fram við tollgæsluna og vísuðu á varninginn, sem tollgæslan tók í sínar vörslur. Ákærði segist ekki hafa sett á skýrslu þann varning, sem hann er ákærður fyrir að hafa ætlað að smygla, og var það vegna vanþekkingar. Ákærði segir um skýrslu sína hjá tollgæslu, að sér hafi verið lögð orð í munn við yfirheyrslu hjá tollgæslu. Segir ákærði, að ekki hafi verið ætlunin að selja hluta af varningnum, og eins hafi hann ekki notað orðið smygl.

Ákærði Hjörtur kveðst hafa verið 2. stýrimaður á ms. Skógafossi umrætt sinn. Ákærði kveðst hafa keypt varninginn til eigin nota að hluta og til að selja hann að hluta. Ákærðu höfðu komið varningnum fyrir, þegar þeir fréttu af vitneskju tollyfirvalda. Vildu þeir þá láta kaupin ganga til baka og höfðu orð á þessu við tollverði í Rotterdam, sem sögðu, að ekki væri hægt

að setja varninginn aftur í land. Ákváðu ákærðu þá að láta varninginn vera áfram í skipinu á leið til Íslands og gefa hann upp við tollyfirvöld við komu þangað. Þá komu upp hjá ákærðu á leiðinni til landsins hugmyndir um það, hvaða afleiðingar það myndi hafa, ef þeir hentu varningnum í hafið. Töldu þeir, að það myndi hafa alvarlegri afleiðingar en koma með varninginn í höfn. Áður en lagt var af stað til Íslands, ákváðu ákærðu sameiginlega að framvísa varningnum, þegar komið væri til Reykjavíkur. Þegar þangað kom, komu tollverðir um borð. Áður en tollafgreiðsla hófst, sagði Haukur tollvörður, að tollgæslan hefði undir höndum pappíra um, að í skipinu væri áfengi og tóbak í eigu skipverja. Ekki sagði Haukur þetta við ákærða, en sagði skipstjóra það, og kallaði hann ákærða upp í brú. Þar var tollvörðurinn með möppu í hendi, og sagði hann ákærða, að tollgæslan vissi, að mikið magn af áfengi og tóbaki væri um borð í skipinu. Jafnframt sagði tollvörðurinn, að tollafgreiðsla færi ekki fram, fyrr en þessum varningi hefði verið framvísað. Játtaði ákærði þegar, að þetta væri rétt, og bað tollvörðinn að doka við, varningurinn væri niðri, og myndu eigendur hans framvísa honum. Fór ákærði síðan á fund félaga sinna, og báru þeir varninginn úr geymslustöðunum út á þilfar, en þar tók tollgæslan hann í sína vörslu. Gáfu þá ákærðu hver um sig upp, hvað þeir ættu, og skráðu tollverðir það í stíla-bók. Ákærði kveðst ekki hafa skráð varninginn, sem hann er ákærður fyrir að hafa ætlað að smygla, inn á skýrslu eins og tollfrjálsan varning, þar sem hann hafi talið óeðlilegt að gera það á þetta skýrsluform. Ákærði segir, að skipstjóra hafi verið kunnugt um, áður en skipið fór frá Rotterdam, að um borð í skipinu væri umframmagn af tóbaki og áfengi, sem ekki væri á skýrslum skipsins. Var ákærði kallaður á fund skipstjóra fyrir brottför frá Rotterdam, en inni hjá honum sátu tveir tollverðir. Spurði skipstjóri ákærða, hvort umframmagn af áfengi og tóbaki væri um borð í skipinu. Játtaði ákærði það og bað um, að þetta yrði sett í land, en tollverðirnir neituðu því. Aðrir ákærðu voru ekki viðstaddir þennan fund.

Ákærði segir um skýrslu sína hjá tollgæslu, að sér hafi verið lögð orð í munn við yfirheyrsluna hjá henni. Sé það því réttara, sem hann hefur borið í dóminum, um það, sem á milli ber.

Ákærði Ólafur Valgarð kveðst hafa verið 1. vélstjóri á ms. Skógafossi umrætt sinn. Ákærði keypti varninginn til að eiga hann sjálfur, en ekki kveðst hann hafa ætlað að selja hann. Ákærðu höfðu komið varningnum fyrir, og um svipað leyti fréttu þeir af vitneskju tollyfirvalda. Vildu þeir þá láta kaupin ganga til baka og höfðu orð á þessu við tollverði í Rotterdam, sem sögðu, að ekki væri hægt að setja varninginn aftur í land. Ákváðu ákærðu þá að láta varninginn vera áfram í skipinu á leið til Íslands og fram-

vísa honum við komu þangað. Þegar skipið kom í höfn í Reykjavík, komu tollverðir um borð. Var ákærði þá niðri í vélarrúmi að ganga frá. Kom ákærði Hjörtur til ákærða og boðaði hann til skipstjóra. Hjá honum voru staddir tollverðir, sem sögðu ákærða, að þeir vissu um umframmagn af áfengi og tóbaki um borð í skipinu. Gekkst ákærði þegar við sínum hluta varningsins, eins og til stóð. Báru ákærðu varninginn síðan út á þilfar að beiðni tollvarða, sem tóku hann í sínar vörslur. Ákærði segist ekki hafa sett þann varning, sem hann er ákærður fyrir að hafa ætlað að smygla, á skýrslu, þar sem ákveðið hafði verið að gera grein fyrir honum munnlega, en ekki skriflega.

Ákærði segir um skýrslur sínar hjá tollgæslu, að sér hafi verið lögð þar orð í munn. Segir ákærði, að ekki hafi verið ætlunin að selja hluta af varningnum, og eins hafi hann ekki talað um, að varningurinn væri falinn. Hér sé um að ræða orðalag yfirheyranda.

Ákærði Sigurgeir kveðst hafa verið háseti á ms. Skógafossi umrætt sinn. Ákærði kveðst hafa keypt varninginn til að eiga hann sjálfur, en kveðst ekki hafa ætlað að selja hann. Ákærðu höfðu ekki komið varningnum fyrir, þegar þeir fréttu af vitneskju tollyfirvalda, áður en lagt var af stað frá Rotterdam. Vildu þeir þá láta kaupin ganga til baka og höfðu orð á því við tollverði í Rotterdam, sem sögðu, að ekki væri hægt að setja varninginn aftur í land. Ákváðu ákærðu þá að láta varninginn vera áfram í skipinu á leið til Íslands og framvísa honum við tollyfirvöld, þegar þangað væri komið. Þegar komið var til Reykjavíkur, komu tollverðir um borð. Ákærði var þá úti á þilfari við störf. Þangað kom til hans ákærði Hjörtur og skýrði frá því, að hann væri búinn að segja tollgæslunni frá umframmagni áfengis og tóbaks í eigu ákærðu. Því næst fór ákærði upp í íbúð skipstjóra og gerði tollvörðum grein fyrir sínum eignarhluta í áfenginu og tóbakinu. Ákærði fór síðan til að bera varninginn úr geymslustöðunum upp á bryggju. Ákærði segist ekki hafa sett þann varning, sem hann er ákærður fyrir að hafa ætlað að smygla, á skýrslu, vegna vanþekkingar.

Ákærði segir um skýrslu sína hjá tollgæslu, að sér hafi verið lögð orð í munn við yfirheyrsluna. Segir ákærði, að ákveðið hafi verið í Rotterdam að framvísa varningnum í Reykjavík. Þá tekur ákærði fram, að það sé ekki rétt, að hann hafi ekki gert grein fyrir varningnum við tollafgreiðslu skipsins, en hún hafi ekki verið byrjuð, þegar tollgæslu var gerð grein fyrir varningnum. Loks sé ekki rétt, að varningurinn hafi verið falinn.

Vitnið Halldór Veigar Guðmundsson, Lindarseli 1, Reykjavík, er skipstjóri á ms. Skógafossi og var það, þegar skipið kom hingað til lands 3. maí sl. Vitnið segir, að þá hafi komið um borð frá tollgæslu starfsmenn hennar,

sem í daglegu tali séu nefndir „svarta gengið“. Vitnið segir, að fyrirliði tollgæslumannanna, sem muni heita Haukur, hafi komið að máli við vitnið og skýrt því frá, að mikið magn af áfengi væri um borð í skipinu skv. pappír-um, sem tollgæslan hefði undir höndum. Var þess farið á leit við vitnið, að það reyndi að hafa uppi á þeim, sem ættu áfengið. Vitnið segir, að sér hafi verið sagt frá því í Rotterdam, þegar skipið var þar í þessari ferð, að um borð í skipinu væri 5 kössum of mikið af áfengi miðað við þau skjöl, sem tollgæslan hefði undir höndum. Annað var vitninu ekki sagt í Rotterdam. Vitnið spurði tollgæslumann í Rotterdam að því, hvort ekki væri hægt að taka áfengið úr skipinu, en hann kvað það ekki vera, og kom fram hjá hon-um, að ekkert hefði verið ólöglegt við kaup á þessu víni. Þá talaði umrædd-ur tollgæslumaður við ákærða Hjört um þetta mál, en ekkert var frekar rætt við vitnið í Rotterdam um það og ekki fyrr en skipið var komið til Reykja-víkur.

Vitnið sneri sér til ákærða Hjartar, þegar tollgæslumennirnir í Reykjavík ræddu við það og vildu milligöngu þess í því að finna eigendur áfengisins. Vitnið segir, að ákærði Hjörtur hafi síðan séð um samskiptin við tollgæsl-una og muni hafa haft samband við aðra ákærðu. Sjálft hafði vitnið engin afskipti af málinu frekar og ekkert samband við aðra ákærðu. Vitnið kveðst ekki hafa kallað saman skipshöfnina til að finna, hverjir ættu áfengið. Toll-verðir hafi rætt við vitnið strax, þegar skipið hafði verið bundið hér í höfn-inni, og án þess að nokkur leit væri hafin eða tollskoðun. Vitnið segir, að yfirleitt sé ekki geymdur varningur í geymslunni, sem varningurinn var í, og varningur tilheyrandi skipverjum sé að jafnaði ekki geymdur í lest skipsins nema með leyfi skipstjóra eða stýrimanna.

Vitnið Haukur Richardsson yfirtollvörður, Hverfisgötu 59, Reykjavík, segist hafa farið um borð í ms. Skógafoss við komu hans til Reykjavíkur 3. maí sl. ásamt fleiri tollvörðum og var í fyrirsvari fyrir þeim. Fóru þeir um borð í skipið, um leið og það hafði verið bundið við hafnarbakkann. Vitnið segir, að tollafgreiðsla sé talin hefjast, um leið og tollverðir eru komnir um borð í skip og á fund skipstjóra. Eiga allir tollpappírar að liggja fyrir til-búnir hjá skipstjóra, þegar tollgæslumenn koma á hans fund. Segir vitnið, að er kaupskip koma inn í tólf mílna landhelgina, eigi að vera búið að ganga frá öllum tollskjöllum og innsigla þann varning, sem tollskyldur er og er í eigu skipverja. Sá varningur, sem ekki er skráður í tollpappíra við komu tollvarða um borð, sé ólöglegur innflutningur. Þá sé gert ráð fyrir, að gerð sé grein fyrir öllum varningi skriflega.

Vitnið segir tollgæsluna hafa haft þær upplýsingar frá Rotterdam, að í skipinu væri áfengi og tóbak, sem ekki væri gefið upp. Þessar upplýsingar

hafði vitnið meðferðis skriflegar, þegar það kom á fund skipstjóra og skýrði honum frá þessari vitneskju. Var vitnið í íbúð skipstjóra, þegar þetta samtal fór fram. Skipstjórinn brá sér frá og hafði tal af einhverjum úr áhöfninni. Eftir mjög stuttan tíma gáfu sig fram allir ákærðu, og kváðust þeir eiga varninginn. Hafi ákærðu brugðið mjög skjótt við og framvísað varningnum þegar í stað. Vitnið veit ekki, hvar varningurinn var geymdur eða hvort hann hafði verið falinn, þar sem það var í íbúðinni hjá skipstjóra, á meðan ákærðu voru að sækja hann. Hafi það bent skipstjóra og ákærðu á alvarleika málsins, ef varningurinn kæmi ekki fram. Segir vitnið tollgæslunni hér hafa verið kunnugt um vegna upplýsinga frá tollgæslunni í Rotterdam, að varningurinn hefði farið með skipinu, og jafnframt fylgdi með, hvar hann væri í skipinu. Hefði varningurinn ekki fundist, hefði farið fram ýtarleg leit í öllum farmi skipsins og öllum vistarverum. Sú leit hefði getað kostað hálfsmánaðarvinnu. Vitnið kveður samstarfið við ákærðu, eftir að rætt var við þá um staðreyndir málsins, hafa verið einstaklega gott.

Vitnið Hörður Lilliendahl tollvörður, Vesturási 2, Reykjavík, kveðst hafa farið um borð í ms. Skógafoss umrætt sinn ásamt öðrum tollvörðum. Fór vitnið á fund skipstjóra ásamt þeim, og kom þar í ljós við könnun tollpappíra skipsins, að þar var ekki gerð grein fyrir áfengi og tóbaki, sem tollgæslan í Rotterdam hafði tilkynnt til tollgæslunnar hér, að væri í skipinu. Var þá kallað í ákærðu, sem framvísuðu varningnum. Áður voru tollverðir búnir að gera grein fyrir vitneskju sinni. Segir vitnið, að er kaupskip koma inn í tólf mílna landhelgina, eigi að vera búið að ganga frá öllum tollskjölum. Sá varningur, sem ekki er skráður í tollpappíra við komu tollvarða um borð, sé ólöglegur innflutningur. Þá sé gert ráð fyrir, að gerð sé grein fyrir öllum varningi skriflega. Eiga að vera til í öllum kaupskipum eyðublöð frá tollinum til að gera þar grein fyrir öllum varningi, sem hann þarf að vita um. Hafi skipstjóra verið gerð grein fyrir því, að skipið fengi ekki tollafgreiðslu, nema umræddur varningur kæmi fram. Þetta var ekki sagt við ákærðu sjálfa.

Vitnið Þórir Jónsson tollvörður, Hraunkambi 4, Hafnarfirði, kveðst hafa farið um borð í ms. Skógafoss umrætt sinn ásamt öðrum tollvörðum. Fór vitnið á fund skipstjóra, þegar verið var að kynna ákærðu skeyti frá tollgæslunni í Rotterdam.

Vitnið Gunnar Sæmundsson tollfulltrúi, Garðsenda 6, Reykjavík, kveðst hafa farið um borð í ms. Skógafoss umrætt sinn ásamt öðrum tollvörðum. Fór vitnið á fund skipstjóra, þegar verið var að kynna einum hinna ákærðu skeyti frá tollgæslunni í Rotterdam um áfengi og tóbak í skipinu.

Vegna þeirrar fullyrðingar ákærðu, að þeir hafi óskað eftir því við toll-

verði í Hollandi að fá að skila aftur því áfengi og tóbaki, sem þeir höfðu keypt og fengið um borð í skipið, var kannað hjá tollyfirvöldum í Rotterdam, hvort þetta væri rétt. Svar barst, og könnuðust tollyfirvöld ekki við þetta.

Sannað er með játningum ákærðu og öðru því, sem fram er komið í málinu, að þeir áttu hver um sig það magn af áfengi og sigarettum, sem gerð er grein fyrir í ákæru, og að þeir fluttu þennan varning til landsins með ms. Skógafossi, sem kom til landsins frá Rotterdam 3. maí sl.

Ákærðu vilja ekki kannast við að hafa smyglað varningnum til landsins, og hefur verið rakinn framburður þeirra í því efni. Ákærðu gerðu ekki grein fyrir varningnum að fyrra bragði við starfsmenn tollgæslunnar og ekki fyrr en þeim hafði verið gerð grein fyrir vitneskju tollgæslunnar. Verður að telja, að tollafgreiðsla skips sé hafin, þegar tollverðir koma um borð í skip og krefja skipstjóra um tollskjöl, og sé um óleyfilegan innflutning að ræða, eigi síðar en þá á þeim varningi, sem ekki er að finna í þeim. Samkvæmt þessu er það mat dómsins, að ákærðu séu sekir um smygl á þeim varningi, sem þeir áttu og ekki var skráður í skýrslur til tollgæslunnar við komu tollvarða um borð í skipið. Skiptir í þessu efni engu, þótt varningurinn hafi ekki verið falinn í skipinu og ákærðu framvísað honum sjálfir. Þá er ósannað, að ákærðu hafi beðið tollgæslu í Hollandi um leyfi til að flytja varninginn aftur í land. Loks er það mat dómsins, að miðað við hið mikla magn áfengis og tóbaks hjá ákærðu sé sannað þrátt fyrir algjöra neitun ákærðu Sveins Hall, Ólafs Valgarðs og Sigurgeirs, að þeir hafi allir flutt varninginn til landsins í söluskyni, en ákærði Hjörtur hefur viðurkennt, að hann hafi ætlað að selja hluta af honum.

Brot ákærðu eru rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt refsingum sem hér segir:

Ákærði Sveinn Hall hefur á árunum 1972 til 1982 gengist fjórum sinnum með sáttum undir að greiða sektir, aðallega fyrir áfengis- og umferðarlagabrot, en í fyrsta skipti einnig fyrir brot á 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Í þrjú skiptin sætti ákærði einnig tímabundinni sviptingu ökuleyfis.

Ákærði Hjörtur var dæmdur árið 1991 til sektargreiðslu fyrir ölvunarakstur og brot á 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga og sviptur ökuleyfi í eitt ár.

Ákærði Ólafur Valgarð hefur tvisvar gengist með sátt undir að greiða sektir, í fyrra skipti árið 1973 fyrir ölvunarakstur og önnur umferðarlagabrot og sætti sviptingu ökuleyfis tímabundið og í síðara skipti árið 1989 fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði Sigurgeir gekkst á sl. ári með sátt undir að greiða sekt fyrir ölvun og brot á lögum og reglum um skotvopn, sprengiefni og skotelda og reglugerð um sölu og meðferð skotelda.

Öðrum refsingum en að framan greinir, hafa ákærðu ekki sætt, og hafa fyrri refsingar engin áhrif á ákvörðun refsingar ákærðu í máli þessu.

Refsingar ákærðu þykja hæfilega ákveðnar eins og hér segir:

Ákærðu Sveinn Hall og Sigurgeir sæti hvor um sig fangelsi í 30 daga. Ákærði Hjörtur sæti fangelsi í 60 daga, og ákærði Ólafur Valgarð sæti fangelsi í 45 daga. Þar sem ákærðu hafa ekki áður sætt refsingum fyrir smygl, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu framangreindra refsinga þeirra, og skulu þær niður falla að þremur árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Auk framangreindrar refsivistar skulu ákærðu greiða sektir til ríkissjóðs innan fjögurra vikna sem hér segir:

Ákærðu Sveinn Hall og Sigurgeir skulu hvor um sig greiða 600.000 krónur í sekt, en sæta ella hvor um sig fangelsi í 60 daga. Ákærði Hjörtur skal greiða 2.200.000 krónur í sekt, en sæta ella fangelsi í fjóra mánuði, og ákærði Ólafur Valgarð skal greiða 1.100.000 krónur í sekt, en sæta ella fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærðu hafa allir samþykkt upptökukröfur þær, sem uppi eru hafðar í málinu á hendur þeim hverjum um sig, og verða þeir dæmdir til þess að sæta upptöku á áfengi því og tóbaki, sem þeir hver um sig eiga, eins og nánar greinir í dómsorði.

Loks ber samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Elín Vigdís Hallvarðsdóttir, fulltrúi lögreglustjóra, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dóminn kvað upp Sverrir Einarsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði Sveinn Hall Másson sæti fangelsi í 30 daga. Þá greiði ákærði 600.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella fangelsi í 60 daga.

Ákærði Hjörtur Jónasson sæti fangelsi í 60 daga. Þá greiði ákærði 2.200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði Ólafur Valgarð Ingimundarson sæti fangelsi í 45 daga. Þá greiði ákærði 1.100.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði Sigurgeir Pálsson sæti fangelsi í 30 daga. Þá greiði ákærði 600.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella fangelsi í 60 daga.

Fresta skal fullnustu refsivistar ákærðu allra, og niður skal ákvörðunð refsivist falla að þrem árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærðu hver um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu sæti upptöku til ríkissjóðs á áfengi og tóbaki sem hér segir:

Ákærði Sveinn Hall á 24 lítrum af Smirnoff-vodka, 36 lítrum af White and Mackay-viskí, 65 lítrum af 96% spíra og 6.400 Winston-sígarettum.

Ákærði Hjörtur á 72 lítrum af Smirnoff-vodka, 35 lítrum af White and Mackay-viskí, 200 lítrum af vodka í 25 lítra plastbrúsum, 23 lítrum af viscí í 25 lítra plastbrúsa, 24 lítrum af gini í 25 lítra plastbrúsa, 85 lítrum af 96% spíra og 63.000 Winston-sígarettum, 20.200 Camel-sígarettum og 200 Salem Light-sígarettum.

Ákærði Ólafur Valgarð á 120 lítrum af Smirnoff-vodka, 36 lítrum af White and Mackay-viskí, 85 lítrum af 96% spíra og 14.200 Winston-sígarettum.

Ákærði Sigurgeir á 12 lítrum af White and Mackay-viskí, 65 lítrum af 96% spíra, 21.800 Winston-sígarettum, 10.000 Viceroy-sígarettum og 6.000 Camel-sígarettum.

Ákærðu Sveinn Hall, Ólafur Valgarð og Sigurgeir greiði óskipt skipuðum verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 75.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Hjörtur greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir óskipt, þar með taldar 60.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.
